

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/49/28

frá 25. febrúar 2002

## um lengingu á gildistíma ákvörðunar 1999/476/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir þvottaefni (\*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 462)

(2002/172/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins <sup>(1)</sup>, einkum 4. og 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um veitingu umhverfismerkis fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Samkvæmt 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 skal setja sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum og skal endurmeta viðmiðanir fyrir umhverfismerki, svo og kröfurnar um mat og sannprófun er varða viðmiðanirnar, í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk og skal endurmatinu ljúka með tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.
- 3) Með ákvörðun 1999/476/EB <sup>(2)</sup> setti framkvæmdastjórnin vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir þvottaefni en skv. 3. gr. þeirrar ákvörðunar falla þær úr gildi 10. júní 2002.
- 4) Í kjölfar endurmatsins er talið rétt að framlengja gildistíma skilgreiningarinnar á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar óbreyttar til átján mánaða, einkum til að gera þeim fyrirtækjum, sem veitt

hefur verið umhverfismerki, kleift að nota umhverfismerkið a.m.k. þar til að lokinni endurskoðun á ákvörðun 1999/476/EB.

- 5) Því skal framlengja gildistímamann sem ákveðinn var í 3. gr. ákvörðunar 1999/476/EB.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Gildistíminn, sem ákveðinn var í 3. gr. ákvörðunar 1999/476/EB fyrir skilgreininguna á vöruflokknum og viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn sem í stjórnsýslunni ber kenninúmerið „006“, er framlengdur til 31. desember 2003.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 56, 27.2.2002, bls. 32, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2002 frá 12. júlí 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 54, 31.10.2002, bls. 20.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 187, 20.7.1999, bls. 52.